



Akureyri, 30. nóvember 2021

Vatnajökulsþjóðgarður
b.t. Ingibjargar Halldórsdóttur
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær

Efni: Beiðni Vatnajökulsþjóðgarðs um umsögn vegna veiðigriðlands á austursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs, dagsett 28. október 2021 (Málsnr. 2108086).

Hreindýraráð hefur tekið til umfjöllunar þá þætti í beiðni Vatnajökulsþjóðgarðs sem snúa að hreindýrum. Þ.e. veiðibann á austursvæði, milli Háslóns og Jökulsár í Fljótsdal, fyrir 15. ágúst og veiðigriðland við Snæfell og austan þess. Umsögn hreindýraráðs tekur til fyrsta liðs beiðninnar um hvort ástand ... hreindýrastofnsins eða þættir er snúa að veiðistjórnun geri það að verkum að þörf sé á setningu sérstakra reglna um veiðar á svæðinu.

Hreindýraráð telur að veiðibann á afmörkuðu svæði sem liggur að veiðisvæðum geti valdið vandræðum í stjórnun veiða á nærliggjandi svæðum, hvort heldur sem veiðibannið er tímabundið eða algjört.

Ef stór hluti dýra frá aðliggjandi veiðisvæðum heldur til innan griðlandsins í langan tíma, eru auknar líkur á að ekki náist að veiða kvóta þessara svæða á veiðitímabilinu sem aftur veldur auknum ágangi dýranna þegar þau snúa til baka á veiðisvæðin utan veiðitíma.

Aðstæður þegar dýr halda til í styttri tíma innan griðlands eða færa sig inn og út af svæðinu, geta einnig skapað óvissu og vanda við framkvæmd veiðanna. Erfitt er að stýra veiðum frá degi til dags við slíkar aðstæður. Hver veiðimaður hefur yfirleitt fáa daga til að athafna sig við veiðar og því getur verið erfitt um vik að ná upp veiði jafnvel eftir stutt tímabil þar sem hjarðir halda sig innan griðlands.

Hreindýraráð leggur til að gögn verði lögð fram og greind til að meta hvort forsendur fyrir seinkun veiða fram yfir 15. ágúst og veiðigriðlandi við Snæfell, eigi enn við. Ráðið leggur til að sérstaklega verði leitast við að svara hvort ...

- fjöldi kúa með kálfa á austursvæði sé enn hár og réttlæti veiðibann til 15. ágúst á austursvæði,
- fjöldi ferðamanna á og við veiðigriðlandið við Snæfell á veiðitíma sé það mikill að líklegt sé að veiði valdi truflun. Eða hvort horfur séu á að fjöldi ferðamanna aukist á næstu árum.

Hreindýraráð bendir enn fremur á að ef viðvera stórra hjarða innan griðlandsins við Snæfell verður viðvarandi, þá getur ágangur dýranna haft neikvæð áhrif á viðkvæman gróður svæðisins. Því gæti griðlandið hugsanlega unnið gegn eigin forsendum, hafi tilgangur þess í upphafi að hluta til verið gróðurvernd. Hreindýraráð hvetur því einnig til þess að áhrif hreindýra á gróður innan griðlandsins verði metin sérstaklega.

Fjöldi hreindýra innan griðlandsins virðist hafa verið óvenju mikill síðastliðið sumar. Því mælir hreindýraráð enn fremur með að gögn yfir ástand og fallþunga dýra sem veiddust rétt utan griðlandsins 2021 (og vænta má að hafi haldið þar til), verði könnuð sérstaklega. Slík athugun gæti gefið vísbendingar um hvort fjöldi dýra á svæðinu hafi verið umfram burðarþol svæðisins.

Ef niðurstaða stjórnvalda verður að viðhalda veiðigriðlandi innan Vatnajökulsþjóðgarðs í óbreyttri eða breyttri mynd, þá leggur hreindýraráð til að ákveðinn sveigjanleiki verði til staðar sem gerir mögulegt að bregðast við óvenjulegum aðstæðum þegar mikill fjöldi hreindýra heldur til innan griðlands.

Virðingarfyllt,
f.h. hreindýraráðs

Droplaug Ólafsdóttir

Droplaug Ólafsdóttir
formaður